

Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

1.sæti	50 stig
2.sæti	40 stig
3.sæti	33 stig
4.sæti	25 stig
5.sæti	20 stig
6.sæti	15 stig
7.sæti	10 stig
8.sæti	6 stig
9.sæti	4 stig
10.sæti	2 stig

4. Samanlögð stig úr fimm bestu af sjö mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv. Ef keppendur eru enn jafnir þá skal bæta við móti sex og sjö.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2019/2020*	2020/2021	2021/2022
17-34 ára	1986-2003	1987-2004	1988-2005
35-49 ára	1971-1985	1972-1986	1973-1987
50-59 ára	1961-1970	1962-1971	1963-1972
60 ára og eldri	1960 og eldri	1961 og eldri	1962 og eldri

*Aldur miðast við almanaksárið 2020

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.



6. Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
7. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.
8. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
9. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
10. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og radíus í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
11. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Samþykkt á Skíðabingi 25.maí 2019